Hlíðaskóli
Ábyrgð - Vinsemd - Virðing

SKÓLARÁÐSFUNDUR Í HLÍÐASKÓLA

Fimmtudagur 27. ágúst 2026 kl. 15:00

Mættir:
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir skólastjóri og Aðalheiður Bragadóttir aðstoðarskólastjóri ritari fundarins.
Fyrir hönd kennara: Anna Soffía Reynisdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir
Fyrir hönd starfsmanna: Guðni Kristmundsson
Fyrir hönd foreldra: Einar Máni Friðriksson og Rúnar Þórarinsson
Fyrir hönd nemenda: Bjarni Bergþórsson og Lilian Adaeze Alves Nwaugo
Fjarverandi:
Fyrir hönd grenndarsamfélagsins: Valgerður Marija Purusic

Dagskrá:

1. Breyting á stundatöflu unglinga
2. Breyting á skóladagatali

1. Breyting á stundatöflu unglinga

Skólastjóri hyggst sækja um undanþágu frá skólabyrjun unglinga á morgnana einu sinni í viku til að uppfylla skilyrði viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrá grunnskóla.

Skólaíþróttir unglinga í 8.-10. bekk eru í dag í Valsheimilinu einu sinni í viku í upphafi dags frá kl. 8:50-9:50. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir 80 mínútum á viku í skólaíþróttum hjá nemendum í 8.–10. bekk. Mikilvægt er að nemendur fái þennan tíma óskertan í einni samfelldri kennslustund.

Í íþróttakennslu fer hluti kennslutímans óhjákvæmilega í fataskipti, fyrirmæli, upphitun og annað sem tengist skipulagi kennslunnar. Þessir þættir taka að jafnaði svipaðan tíma óháð lengd kennslustundarinnar. Stytting úr 80 í 60 mínútur kemur því fyrst og fremst niður á þeim tíma sem nýtist til eiginlegrar kennslu og virkrar hreyfingar nemenda.

Með fullum 80 mínútum skapast betra svigrúm til fjölbreyttrar og samfelldrar hreyfingar og markvissrar vinnu að hæfniviðmiðum aðalnámskrár, meðal annars með áherslu á hreyfifærni og heilsulæsi nemenda.

Valsheimilið er umsetið og ekki hægt að bæta við tímann eftir 9:30 þar sem Háskólinn í Reykjavík er með kennslutíma þar frá kl. 9:30. Því er eini möguleikinn að óska eftir undanþágu frá hefðbundinni skólabyrjun unglinga einn dag í viku þannig að íþróttakennsla geti hafist í Valsheimilinu kl. 8:30.

Skólaráð samþykkir að skólatími nemenda í 8. 9. og 10.bekk verði einu sinni í viku kl. 8:30 svo hægt sé að koma að lögbundnum tíma í íþróttum.

2. Breyting á skóladagatali

Breytingatillaga lögð fram af skólastjóra þess efnis að starfsdagur sem fyrirhugaður var miðvikudaginn 30. september verði færður fram til föstudagsins 11. september. Ástæða breytingar er ráðstefna Háskólans á Akureyri um Byrjendalæsi sem fram fer 11. og 12. september á Akureyri og allir kennarar á yngsta stigi munu sækja. Erfiðlega mun ganga að leysa fjarveru þessara kennara og því er tilfærsla á starfsdegi vænlegasti kosturinn. Tillagan hefur verið borin undir kennara og forstöðumann Eldflaugarinnar við mjög jákvæðar undirtektir.

Skólaráð fjallaði um tillögu og niðurstaðan var að færa starfsdaginn sem vera átti 30. september fram til 11. september.

Fundi slitið kl. 15:20